

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 35/2005

frá 11. mars 2005

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 166/2004 frá 3. desember 2004 ⁽¹⁾.
- 2) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2004/394/EB frá 29. apríl 2004 um árangur af áhættumati og áætlanir sem miða að því að draga úr áhættu vegna efnanna asetónitríls, akrýlamíðs, akrýlnítríls, akrýlsýru, bútaðiens, vetnisflúoríðs, vetnisperoxíðs, metakrýlsýru, metýlmetakrýlats, tólúens og tríklórbensens ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 199, 7.6.2004, bls. 41.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 24. lið (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2002/576/EB) undir fyrirsögninni „GERÐIR SEM SAMNINGSADILAR SKULU TAKA MIÐ AF“ í XV. kafla II. viðauka:

- „25. **32004 H 0394:** Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2004/394/EB frá 29. apríl 2004 um árangur af áhættumati og áætlanir sem miða að því að draga úr áhættu vegna efnanna asetónitríls, akrýlamíðs, akrýlnítríls, akrýlsýru, bútaðiens, vetnisflúoríðs, vetnisperoxíðs, metakrýlsýru, metýlmetakrýlats, tólúens og tríklórbensens (Stjtið. ESB L 144, 30.4.2004, bls. 72) með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 199, 7.6.2004, bls. 41.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilmæla 2004/394/EB, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 199, 7.6.2004, bls. 41, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 12. mars 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 133, 26.5.2005, bls. 11 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 26, 26.5.2005, bls. 9.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 144, 30.4.2004, bls. 72.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. mars 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

R. Wright

formaður.